



Ársskýrsla 2019-2020

JÚNÍ 2020

Efnisyfirlit

| | |
|---|----|
| 1. AkureyrarAkademían | 4 |
| 2. Starfsárið 2019-2020..... | 5 |
| 3. Áherslur á starfsárinu 2020-2021 | 10 |

1. AkureyrarAkademían

Félag sjálfstætt starfandi fræðimanna á Norðurlandi, sem í daglegu tali var kallað AkureyrarAkademían, var stofnað vorið 2006. Markmiðið var að nýta betur þekkingu fræðafólks á Norðurlandi og skapa vettvang til miðlunar og umræðu inn á við og út á við í samfélaginu. Árið 2015 var félaginu breytt í sjálfseignarstofnunina AkureyrarAkademíuna sem starfar samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Sama ár var undirritaður samstarfssamningur milli AkureyrarAkademíunnar og mennta- og menningarmálaráðuneytis sem er stofnuninni afar mikilvægur og leggur grunninn að fjárhagslegum rekstri og viðvarandi starfsemi.

Starfsemi AkureyrarAkademíunnar er í meginatriðum tvíþætt, annars vegar útleiga á vinnuaðstöðu fyrir nema í meistara- og doktorsnámi og sjálfstætt starfandi fræðimenn og hins vegar reglulegir viðburðir sem hafa það markmið að skapa brú milli fræða og samfélags. Þessu til viðbótar er uppbygging á samstarfi við ýmsa aðila og almennur rekstur stofnunarinnar.

2. Starfsárið 2019-2020

Stjórn og framkvæmdastjóri

Á ársfundi AkureyrarAkademíunnar 29. maí 2019 kusu fulltrúar stofnunarinnar stjórn og fulltrúaráð. Starfsárið 2019-2020 var stjórn skipuð þannig:

- Steinunn A. Ólafsdóttir, formaður
- Ólafur B. Thoroddsen, gjaldkeri
- Sigurgeir Guðjónsson, ritari

Í fulltrúaráði sátu ásamt stjórnarmönnum:

- Dr. Arndís Bergsdóttir
- Dr. Martina Huhtamäki
- Dr. Skafti Ingimarsson
- Dr. Valgerður S. Bjarnadóttir

Stjórn AkureyrarAkademíunnar (AkAk) fer með öll málefni stofnunarinnar milli ársfunda, er æðsta vald í málefnum hennar og ber ábyrgð gagnvart fulltrúaráði. Stjórn mótar stefnu og starfstilhögun stofnunarinnar, vinnur að markmiðum hennar og setur henni reglur. Almenn stjórnarstörf, sem meðal annars felast í fundum, eru unnin í sjálfböðavinnu. Stjórn AkAk fundaði alls níu sinnum á starfsárinu. Stjórn, fulltrúaráð og fulltrúar AkAk taka þátt í viðburðum á vegum stofnunarinnar. Lögð er áhersla á að þeir sem leigja vinnuaðstöðu hjá stofnuninni leggi sitt af mörkum til samfélags AkAk og taki virkan þátt í starfsemi stofnunarinnar.

Kristín Heba Gísladóttir hefur verið framkvæmdastjóri AkAk undanfarin fjögur ár. Í ársbyrjun 2020 gerði hún stjórn AkAk grein fyrir því að hún myndi láta af störfum hjá stofnuninni um vorið vegna flutninga til Reykjavíkur til að taka við starfi framkvæmdastjóra nýrrar vinnumarkaðsstofnunar ASÍ og BSRB. Stjórn auglýsti eftir nýjum framkvæmdastjóra í 50% stöðu og eftir viðtöl við umsækjendur var ákveðið að ráða Aðalheiði Steingrímsdóttur sem framkvæmdastjóra og hóf hún störf um miðjan mars.

Hlutverk framkvæmdastjóra er að vera talsmaður stofnunarinnar og annast rekstur hennar og reikningsskil í umboði stjórnar. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð gagnvart stjórn og vinnur að framgangi stefnumála stofnunarinnar hverju sinni. Framkvæmdastjóri situr stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt.

Húsnæði

AkureyrarAkademían var fram til apríl 2019 til húsa í Árholti, Háhlíð 1, sem leigt var af Akureyrarbæ. Þar var vinnuaðstaða fyrir 14 fulltrúa og að auki aðstaða fyrir framkvæmdastjóra sem og funda- og kaffiaðstaða.

Í þrígang hafði AkAk fengið eins árs leigusamning við Akureyrarbæ en í lok árs 2018 var gerður þriggja ára samningur um leigu á húsnæðinu. Mikil ánægja var með samninginn innan AkAk enda hafði lengi ríkt óvissa í húsnæðismálunum og auk þess hentaði húsnæðið starfseminni mjög vel. Í mars 2019 boðuðu bæjaryfirvöld fulltrúa AkAk á sinn fund og var þá upplýst um að nauðsynlegt væri að segja upp leigusamningnum og að taka þyrfti húsnæðið í notkun fyrir aðra starfsemi í maí 2019. AkAk ásamt bæjaryfirvöldum leituðu að hentugu húsnæði og úr varð að stofnunin flutti að Glerárgötu 34, í húsnæði sem Akureyrarbær leigði undir frumkvöðlasetrið Verksmiðjuna sem starfrækt var á vegum Nýsköpunarmiðstöðvar. Samningur AkAk við Akureyrarbæ um leigu á húsnæðinu í Glerárgötu gilti út febrúar 2020.

Vegna mikillar óvissu um hvað myndi taka við í húsnæðismálum AkAk þegar verunni í Glerárgötu væri lokið var nauðsynlegt að leita allra leiða til að finna öruggt húsnæði fyrir starfsemina.

Stjórn AkAk átti í viðræðum við Akureyrarbæ um hvort annað húsnæði væri laust á vegum bæjarins en svo reyndist ekki vera. Einnig var leitað eftir viðræðum milli AkAk, Akureyrarbæjar, Háskólans á Akureyri, Nýsköpunarmiðstöðvar og MATÍS um mögulegt samstarf og samnýtingu húsnæðis en þær skiluðu ekki árangri. AkAk sótti einnig um að taka Matthíasarhús á Sigurhæðum á leigu þegar Akureyrarbær auglýsti eftir umsjónaraðila með húsinu, þrátt fyrir að ljóst væri að aðstaðan þar myndi ekki henta starfsemi AkAk, og var annar aðili valinn úr hópi umsækjenda til að hafa umsjón með húsinu.

Í lok ársins 2019 hófst stjórn AkAk handa við að kanna til hlítar möguleika á því að kaupa húsnæði undir starfsemina og einnig kostnað við að leigja á almennum markaði. Þessi skoðun leiddi í ljós að hagkvæmara yrði að kaupa húsnæði en að leigja á almennum markaði og leitaði stjórn álits fulltrúaráðs AkAk til að breikka grunninn undir ákvarðanatöku um kaup á húsnæði.

Í janúar 2020 keypti AkAk skrifstofuhúsnæði í verslunarmiðstöðinni Sunnuhlíð 12 sem er tæplega 180 fm að stærð og hentar mjög vel starfsemi stofnunarinnar. Húsnæðiskaupin hafa afar mikla þýðingu fyrir starfsemi AkAk og framtíðarhagsmuni.

Útleiga á vinnuaðstöðu

AkureyrarAkademían hefur frá upphafi leigt út vinnuaðstöðu fyrir sjálfstætt starfandi fræðimenn og nema í meistara- og doktorsnámi. Þegar AkAk flutti tímabundið að Glerárgötu vorið 2019 var einungis hægt að leigja út níu vinnupláss en þau höfðu áður verið 14 í Árholti. AkAk samdi við Nýsköpunarmiðstöð um að fá að taka einnig til notkunar vinnupláss í hluta frumkvöðlasetursins og með því móti var hægt að leigja fleiri fulltrúum vinnuaðstöðu.

Í nýja húsnæðinu í Sunnuhlíð verður fyrsta árið vinnuaðstaða fyrir 11 fulltrúa og verður vinnuplássum fjölgað á næsta ári þegar útleigu á hluta húsnæðisins til fyrri eiganda þess lýkur.

Alls voru 17 fulltrúar sem leigðu vinnuaðstöðu hjá AkAk á starfsárinu 2019-2020, til lengri eða skemmri tíma, 12 konur og 5 karlar. Til samanburðar leigðu 22 einstaklingar vinnuaðstöðu hjá AkAk starfsárið 2018-2019, 17 konur og 5 karlar.

Fulltrúar sem leigðu vinnuaðstöðu hjá AkAk starfsárið 2019-2020 voru: Aðalheiður Steingrímsdóttir, Anna Soffía Víkingsdóttir, Bára Sif Sigurjónsdóttir, Bergljót Þrastardóttir, Dagný Davíðsdóttir, Daníel Gunnarsson, Guðrún Arngrímsdóttir, Hrafnhildur Reykjalin, Hulda Þórey Gísladóttir, Martina Huhtamaki, Melkorka Mjöll Kristinsdóttir, Ólafur B. Thoroddsen, Sigurgeir Guðjónsson, Skafti Ingimarsson, Steinunn A. Ólafsdóttir, Valgerður Ósk Einarsdóttir og Þórhallur S. Bjarnason. Auk þeirra starfaði framkvæmdastjóri í húsnæði stofnunarinnar.

Nýting á útleigðri vinnuaðstöðu

| | |
|------|------|
| 2019 | 102% |
| 2018 | 103% |
| 2017 | 88% |

Eins og yfirlitið ber með sér hefur verið góð nýting á vinnuaðstöðu hjá AkAk undanfarin ár. Skýringin á yfir 100% nýtingu fyrir árin 2018 og 2019 er að þá var bætt við tímabundinni vinnuaðstöðu til að mæta aukinni eftirspurn. Almennt er eftirspurn eftir vinnuaðstöðu talsvert árstíðabundin, hún er mest í janúar og september en oft minni yfir sumarmánuðina.

Yfirlit yfir námsstig þeirra sem leigðu vinnuaðstöðu hjá AkAk árin 2017-2019

| | 2017 | 2018 | 2019 |
|----------------------|------|------|------|
| Nýdoktorar | 1 | 3 | |
| Doktorsnemar | 5 | 6 | 4 |
| Meistararnemar | 8 | 9 | 12 |
| Sjálfstætt starfandi | 4 | 4 | 5 |
| Samtals | 18 | 22 | 21 |

Eins og sést af yfirlitinu eru nemar í meistaranámi flestir þeirra sem leigja vinnuaðstöðu hjá AkAk en þeir eru oft í nokkra mánuði hjá stofnuninni. Næst stærsti hópurinn eru doktorsnemar sem eru yfirleitt í lengri tíma og auk þess starfa sjálfstætt starfandi fræðimenn innan AkAk.

Fræðimenn og nemar sem starfa í húsnæði AkAk njóta þar félagsskapar og stuðnings annarra fræðimanna og geta leitað eftir aðstoð og ábendingum við störf sín. Slíkt er mikilvægt fyrir fræðimenn til að geta rætt þau störf sem fengist er við hverju sinni. Þeim sem starfa innan AkAk gefst auk þess kostur á að sækja um styrki í samkeppnissjóði undir merkjum AkAk. Stofnunin mun í slíkum tilfellum sjá um fjárhagslega hlið styrkveitingarinnar gegn þóknun.

Fræðimenn og nemar sem starfa hjá AkAk taka virkan þátt í starfsemi stofnunarinnar og leggja með því sitt af mörkum til að stuðla að sterkari stöðu hennar í samfélaginu.

Samstarf

Á undanförunum árum hefur verið lögð áhersla á að ná til þess fjölmenna hóps sem hefur leigt vinnuaðstöðu hjá stofnuninni á liðnum árum sem hefur skilað þeim árangri að tekist hefur að halda svipuðum heildarfjölda skráðra fulltrúa AkAk síðastliðin þrjú ár en á starfsárinu 2019-2020 var fjöldi þeirra samtals 32 einstaklingar.

Unnið er samkvæmt samstarfssamningi Háskólans á Akureyri og AkAk sem undirritaður var í maí 2017, meðal annars með því að AkAk sendir á hverri önn upplýsingar um þá sem starfa innan AkAk og hafa upplýsingarnar nýst vel til þess að kortleggja betur þá sérfræðipækkingu sem er til staðar á svæðinu. Í samningnum er kveðið á um sameiginlegt ráðstefnuhald einu sinni á samningstímabili en ekki hefur tekist að framfylgja því.

Samstarfssamningur AkureyrarAkademíunnar og ReykjavíkurAkademíunnar (RA) var undirritaður í apríl 2018 og gildir í þrjú ár. Markmiðið er að auka samstarf milli stofnananna og jafnframt kveður hann á um að þeir sem leigja vinnuaðstöðu á öðrum hvorum staðnum geti fengið tímabundna aðstöðu á hinum staðnum.

Vefsíða og samfélagsmiðlar

AkureyrarAkademían notar samfélagsmiðla og vefsíðu til að koma upplýsingum á framfæri. Lögð hefur verið áhersla á að viðhalda og efla vefsíðu stofnunarinnar eftir að hún var tekin til endurskoðunar. Þar má finna upplýsingar um þá sem starfa innan stofnunarinnar á hverjum tíma og viðburði sem stofnunin stendur fyrir. Jafnframt eru birtar þar skýrslur og ársreikningar stofnunarinnar og ýmis önnur gögn um starfsemina. AkAk starfækir einnig samfélagsmiðlasíður bæði út á við fyrir almenning og inn á við fyrir fulltrúa AkAk sem nýttast fyrir ýmskonar upplýsingamiðlun og samskipti.

Umhverfismál

Undanfarin ár hefur verið lögð áhersla á umhverfismál innan AkAk. Vel hefur gengið að flokka sorp og leitast er við að haga innkaupum út frá umhverfissjónarmiðum. Innan AkAk starfa margir aðilar til lengri og skemmri tíma og er það mikilvægur hluti af samfélagslegri ábyrgð stofnunarinnar að sýna gott fordæmi í umhverfismálum.

Starfið 2019-2020

Vegna mikillar óvissu í húsnæðismálum, flutninga í tímabundið húsnæði og breytinga á starfsmannamálum var öll starfsemi stofnunarinnar í lágmarki á starfsárinu 2019-2020. Vegna þessa var ekki unnt að standa fyrir reglulegum viðburðum haustið 2019 eins og gert hefur verið undanfarin ár, svo sem fyrirlestrum fyrir íbúa á öldrunarheimilum Akureyrarbæjar og viðburðum á vettvangi Lýsu.

Mikilvægasta verkefni starfsársins var að finna framtíðarhúsnæði fyrir stofnunina sem reyndist unnt að leysa úr í janúar 2020. Með því verður unnt að skapa starfseminni fastan grunn og umgjörð og leggja starfsáætlanir til lengri tíma.

Þrátt fyrir miklar breytingar hefur starfsandinn innan veggja AkAk eins og áður verið góður á starfsárinu. Áfram er innt af hendi mikil sjálfböðavinna innan AkAk bæði af stjórn og fulltrúum og lögð er áhersla á að þeir sem leigja vinnuástöðu hjá AkAk taki þátt í daglegum störfum á vettvangi stofnunarinnar. Unnið var að því að viðhalda og efla vefsíðu stofnunarinnar, halda úti samfélagsmiðlasíðum fyrir almenning og fulltrúa, auka umhverfisvitund með ýmsu móti og lögð var áhersla á að taka þátt í lýðheilsuverkefninu „Hjólað í vinnuna“.

3. Áherslur á starfsárinu 2020-2021

Samningur við mennta- og menningarmálaráðuneyti

Mikilvægasta verkefni starfsársins 2020-2021 er gerð langtímasamstarfssamnings AkAk og mennta- og menningarmálaráðuneytis. Samningur AkAk við ráðuneytið er lyklatríði fyrir rekstur og starfsemi stofnunarinnar sem hefur gert henni kleift að tryggja festu í starfi og þróun til lengri tíma með því að hafa starfsmann sem heldur utan um rekstur, skipulag og samskipti.

Meginmarkmið starfsemi AkAk er að bjóða nemum í meistara- og doktorsnámi og sjálfstætt starfandi fræðimönnum upp á vinnuaðstöðu og að vera vettvangur fyrir tengsl milli fræða og samfélags. Starfsemin sem AkAk stendur fyrir er mikilvægt stoðkerfi fyrir Háskólann á Akureyri og þá sem þar stunda nám og sinna fræðastarfi og rannsóknum sem og fyrir íbúa og samfélag á Akureyri og nágrenni.

Á starfstíma AkAk hafa fjölmargir nemar og fræðimenn nýtt sér þá þjónustu sem AkAk býður upp á, ýmist til að ljúka formlegu námi eða til að vinna að ritverkum, fræðastarfi og rannsóknum. Auk þessa stendur AkAk gagnert fyrir viðburðum á eigin vegum í samstarfi við fulltrúa AkAk og aðra aðila í þeim tilgangi að skapa tengsl milli fræða og samfélags. Á liðnum árum hefur AkAk staðið fyrir bókakynningum, námskeiðum fyrir konur til að hvetja þær til þátttöku í verkalýðsstarfi og stjórnámum, ráðstefnu, málþingum og fyrirlestraröðum.

Starfsemi AkAk er mikilvægur þáttur í kjölfestu búsetu á Akureyri og nágrenni og þjónustu við íbúa og samfélag.

Samstarf

Á vordögum óskaði stjórn AkAk eftir samræðum við bæjarstjórn Akureyrar um samstarf aðila sem hafa skilað þeim árangri að í burðarliðnum er samningur til nokkurra ára um samstarf AkAk og Akureyrarbæjar.

Samningur Háskólans á Akureyri og AkAk rann út í maí 2020 og hefur AkAk óskað eftir samræðum við HA um endurnýjun samningsins og samstarf aðila. Mikil ánægja hefur verið með samstarfið við HA í gegnum tíðina og leggur AkAk mikla áherslu á að aðilar viðhaldi því.

AkAk leggur mikla áherslu á að eiga áfram gott samstarf við ReykjavíkurAkademíuna (RA) og hafa framkvæmdastjórar AkAk og RA ákveðið að eiga mér sér sérstakar samræður um samstarf stofnananna í þeim tilgangi að skoða leiðir til að renna frekari stoðum undir það.

Kynningarstarf

Áhersla verður lögð á kynningarstarf til að efla þekkingu á AkAk í samfélaginu, starfsemi og þjónustu sem stofnunin býður upp á.

Viðburðir

Sett verður upp fyrirlestraröð haustið 2020 í samráði við öldrunarheimili Akureyrarbæjar eins og á undanförunum árum og gerðar verðar áætlanir haustið 2020 um viðburði á vorönn 2021.

Ekki verður af þátttöku AkAk í LÝSU í september 2020 þar sem aðstandendur LÝSU hafa tilkynnt að viðburðurinn verði felldur niður vegna kórónafaraldursins.

Innra starf

Lögð verður áhersla á að fjölga leigjendum í húsnæði AkAk og að efla samtal og samstarf fulltrúa AkAk um margvísleg málefni sem varða stofnunina, starf hennar og samstarf við ýmsa aðila.

Mótuð verður starfsstefna/starfsáætlun AkAk til næstu fjögurra ára samkvæmt skipulagsskrá stofnunarinnar og mun vinna við stefnumótun hefjast haustið 2020.